

Náttúruverndarstofnun

Kjósarhreppur
Ásgarði
276 Mosfellsbæ

Garðabær, 21. mars 2025
202502-0096/A.B.
08.02

Efni: Lýsing - Deiliskipulag frístundabyggðar Eyjatjarnar í landi Eyja II - Kjósahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps er barst 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Eyjatjörn í landi Eyja II í Kjósahrepp.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið er ætlað að skapa skýran ramma utan um uppbyggingu 19 frístundalóða. Stærð lóða verður frá 3340 m² til 10.720 m². Nýtingarhlutfall er 0,03. Húsin verða lágreist en heimilt er að hafa húsin í eystri hluta byggðarinnar á stöllum vegna landhalla.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun vill benda á að innan skipulagssvæðisins er svæði á náttúruminjaskrá sem nefnist Laxárvogur og Laxá í Kjós.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið í tillögunni og það komi fram hver áhrif tillögunnar sé á það. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan og framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir

sérfræðingur